

Fjórðungssamband Vestfirðinga



Dagskrá stjórnarfundar 7. júní 2013, haldinn á Hótel Flókalundi, Vesturbyggð. Mætt voru Albertína F Elíasdóttir, formaður, Friðbjörg Matthíasdóttir, Sveinn Ragnarsson og Sigurður Pétursson. Einnig sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri og ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og kynnti að Ómar Már Jónsson hefði boðað forföll og varamaður hans hefði ekki getað komið í hans stað.

1. Fundargerð 30. apríl 2013

Fundargerð 30. apríl 2013, lögð fram til staðfestingar.

2. Starfsmannamál.

Starf verkefnastjóra byggðaþróunardeild var auglýst í þann 1. júní s.l. á grundvelli samþykki stjórnar í tölvupósti. Stjórn staðfestir þessa ákvörðun og felur framkvæmdastjóra að leita til ráðningarstofu til að fara yfir hæfi umsækjenda.

3. 58. Fjórðungsþing Vestfirðinga

a. Drög að dagskrá þingsins

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að dagskrá 58. Fjórðungsþings Vestfirðinga. Gert er að tillögu að ræða stefnumörkun fyrir Sóknaráætlun landshluta auk hefðbundinna þingstarfa, einnig verði breytingar á samþykktum FV teknar til umræðu. Rætt um annað fyrirkomulag og efni þingsins og framkvæmdastjóra falið að boða þingið á grundvelli draga að dagskrá.

b. Önnur mál

Rætt um skipulag þingsins og skipan forseta og ritara.

4. Samþykktir Fjórðungssambands Vestfirðinga

Framkvæmdastjóri kynnti hugmyndir að breytingum að samþykktum FV sem ræddar hafa verið af starfsmönnum. Með vísan til samþykktar um drög að dagskrá 58. Fjórðungsþings er framkvæmdastjóra falið að gera tillögu að breytingu á samþykktum Fjórðungssambands Vestfirðinga.

5. Málþing um samgöngumál 21. júní 2013

Kynnt tillaga að dagskrá málþings um samgöngumál á Vestfjörðum, sem haldið verður þann 21. júní n.k. á Patreksfirði eða Tálknafirði eftir því sem hentugt húsnæði er á lausu.

6. Samgöngumál

a. fundargerðir samgöngunefndar

Lagðar fram fundargerðir samgöngunefndar frá 6. maí og 28. maí lagðar fram til kynningar.

Spurst fyrir um stöðu almenningssamganga. Framlengdir verða samningar við núverandi verktaka en með 6 mánaða uppsagnarfrest um hver áramót.



7. Markaðsstofa Vestfjarða
Lagðar fram fundargerðir ráðgjafaráðs Markaðsstofu Vestfjarða, frá 7. maí, 13. maí og 5. júní s.l..
8. Aðalfundir félaga og stofnana með eignaraðild FV
 - a. Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Ársskýrsla og fundargerð aðalfundar Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða fyrir árið 2012 lögð fram til kynningar. Sigurður Pétursson kynnti efni fundarins.
 - b. Háskólasetur Vestfjarða
Ársskýrsla og fundargerð ársfundar Háskólaseturs Vestfjarða fyrir árið 2012 lögð fram.
 - c. Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða
Kynnt að boðað verði til aðalfundar Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða eftir miðjan júní. Samþykkt að fresta umræðu til næsta fundar vegna forfalla Ómars Más Jónssonar.
9. Landshlutasamtök sveitarfélaga
 - a. Sumarfundur
Sumarfundur landshlutasamtaka sveitarfélaga verður haldinn á Akureyri þann 13. og 14. júní n.k.. Rætt um dagskrárefni sem óskað er eftir að tekin verði til umræðu á fundinum, framkvæmdastjóra falið kynna tillögu stjórnar.
 - b. Fundargerðir samtaka sveitarfélaga
Lagðar fram til kynningar;
Fundargerðir Eypings frá janúar til apríl 2013 nr 238,239,240 og 241.
Fundargerð SSNV frá 24. maí 2013
Fundargerð SSV frá 24. maí 2013
Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga nr 806, dags 31. maí 2013
10. Sóknaráætlun landshluta
 - a. Fundur stýrinets 27. maí 2013
Formaður og framkvæmdastjóri sátu fundinn og kynntu umræðu af honum.
Fundargerð verður kynnt síðar.
 - b. Staða verkefna í Sóknaráætlun Vestfjarða.
Kynnt staða verkefna í Sóknaráætlun Vestfjarða.
11. Ályktanir
 - a. Ályktun um gjaldtöku ferðamanna
Kynnt drög að ályktun frá sameiginlegum fundi markaðsstofa landshluta.
Stjórn FV er nú stjórn Markaðsstofu Vestfjarða og ber því að afgreiða ályktunina. Fjallað um efni ályktunar og hún samþykkt, sem hér segir;

Markaðsstofur landshlutanna skora á stjórnvöld að bregðast við yfirvofandi hættu á óafturkræfum náttúruspjöllum sem steðja að ferðmannastöðum með fyrirsjáanlegri fjölgun ferðamanna.



Fjölgun ferðamanna er fagnaðarefni enda ferðaþjónustan einna af burðarásunum í gjaldeyrissköpun þjóðarinnar en nauðsynlegt er að standa vel að móttöku þeirra gesta sem vilja heimsækja Ísland, byggja upp sterka innviði og sjá til þess að óspillt náttúra glati ekki sérkennum sínum.

Markaðsstofur landshlutanna leggja til að stjórnvöld hefji nú þegar vinnu við að útfæra sérstaka gjalddöku meðal ferðamanna. Gjaldtaka yrði sett til að standa straum af fyrirsjáanlegum kostnaði við uppbyggingu aðstöðu og reksturs á ferðamannastöðum sem og til uppbyggingar innviða til að tryggja verndun náttúru og öryggi ferðamanna. Í þessari vinnu verði haft samráð við Ferðamálastofu, Samtök ferðaþjónustunnar, sveitarfélög, Markaðsstofur landshlutanna og aðra sem hlut eiga að máli.

Ennfremur óska markaðsstofurnar nýjum ráðherra ferðamála, Ragnheiði Elínu Árnadóttur sem tekið hefur til starfa, velfarnaðar í starfi en Markaðsstofur landshlutanna og ferðaþjónustuaðilar á landinu öllu vænta góðs samstarfs við hana og hennar starfsfólk um áframhaldandi uppbyggingu ferðaþjónustunnar á Íslandi.

- b. Ályktun um einkarétt sveitarfélaga til almenningssamgangna.

Samþykkt að óska eftir umræðu á sumarfundi landshlutasamtaka sveitarfélaga.

12. Bréf og önnur erindi

- a. Yfirlit um aðsend erindi og erindi frá FV

Lagt fram yfirlit um aðsend erindi og erindi frá FV

- b. Erindi Breiðafjarðaráttak

Lagt fram erindi dags 31. maí s.l. frá verkefnastjórn Breiðafjarðaráttaks. Efni erindis er beiðni um fjárframlag til verkefnisins Breiðafjarðaráttak, 3,5 mkr.

Fram kemur að verkefnið hafi verið samþykkt í stjórn SSV, með 4,5 mkr

framlagi, sem hluta af verkefnum Sóknaráætlunar Vesturlands en með skilyrði um framlög fyrirtækja sem að því standa og samstarfi við FV og sveitarfélög á Vestfjörðum. Erindið felur í sér að leitað er til FV á sama grundvelli.

Stjórn FV telur verkefnið áhugavert með hliðsjón af markmiðum um víðtækt samstarfi á tilgreindu landssvæði og eflingu ferðaþjónustu utan háannar, en frestar að taka efnislega afstöðu til málsins. Stjórn FV bendir á að hún hafi á þessu stigi málsins hvorki fjárhagslegt og né stjórnsýslulegt umboð til að fjalla um efni þess. Beina verði erindinu til umfjöllunar samráðsvettvangs og framkvæmaráðs Sóknaráætlunar landshluta fyrir Vestfirði. Annars vegar ef komi til endurúthlutun fjármagns ársins 2013 á komandi hausti og hinsvegar við val á verkefnum vegna ársins 2014. Einnig má leiðbeina umsækjanda um að leita á sama hátt til Vaxtarsamnings Vestfjarða.

Fjórðungssamband Vestfirðinga



c. Erindi „Eyðibýli á Íslandi“.

Lagt fram erindi dags 5. júní frá verkefnastjóra verkefnisins „Eyðibýli á Íslandi“. Stjórn FV tekur ekki efnislega afstöðu til erindisins enda hefur stjórn á þessu stigi máls hvorki fjárhagslegt og né stjórnsýslulegt umboð til að fjalla um efni þess. Benda verður styrkbeiðanda á að beina erindi sínu til sveitarfélaga og hugsanlega annarra aðila svo sem Menningarráðs Vestfjarða en þá vegna ársins 2014 því úthlutun Menningarráðs vegna ársins 2103 er lokið.

Fleira gert og fundi slitið kl 15.30